

Innköllum á Nóa Kroppi 200g

Nói Sírius hefur ákveðið með tilliti til neytendaverndar að innkalla pakkningar af **Nóa Kroppi, 200g**, vörunúmer 11663 með best fyrir dagsetningunni 28.05.2025.

Komið hefur í ljós að við framleiðslu á Nóa Kroppi 200g, að aðrar súkkulaðihúðaðar vörur hafa blandast saman við í pökkun. Það olli því að þessi framleiðslulota af Nóa Kroppi inniheldur heslihnetur, sem er þekktur ofnæmis- og óþolsvaldur. Neytendur með óþol eða ofnæmi fyrir heslihnetum eru varaðir við að neyta vörunnar en varan er fullkomlega örugg til neyslu fyrir þá sem þola heslihnetur.

Við höfum þegar tilkynnt heilbrigðisyfirvöldum um innköllunina og komið upplýsingum á framfæri til söluaðila um að viðkomandi vara verði tekin úr sölu og er ný framleiðslulota af Nóa Kroppi 200g væntanleg í verslanir.

Við hvetjum þá sem keypt hafa Nóa Kropp 200g að athuga dagsetninguna á umbúðunum og koma pokunum til okkar eða farga vörunni ef við á. Við biðjumst innilegrar velvirðingar á óþægindum sem þetta kann að valda.